

Tvær nýjar tegundir sjást Garðfuglakönnun veturinn 1998-99

Þetta er í fimmta sinn sem Fuglaverndarfélagið stendur fyrir garðfuglakönnun. Þátttakendur voru 20 að þessu sinni og hefur þeim fækkað nokkuð frá fyrstu könnun (1.tafla). Þeir voru reyndar víða af landinu, að undanskildum Vestfjörðum. Endurspeglar það að vissu leyti dreifingu félaga, en þeir eru fáir í þeim landshluta. Undirritaður kann ekki skýringu á því hvers vegna félagar eru svo fáir á Vestfjörðum, en ætla má að áhugi á fuglum og fuglavernd sé þar engu minni en í öðrum landshlutum. Athyglisvert er áhuginn á garðfuglakönnun í Vestmannaeyjum, þar sem eru þrír þátttakendur. Þátttakendur eru flestir frá Reykjavík, þó svo að ekki séu þeir margir ef miðað er við höfðatölu.

1. Tafla. Dreifing þátttakenda í Garðfuglakönnun 1998-1999

Staður	Fjöldi	%
Hvalfjörður	1	5
Fljót	1	5
Akureyri	1	5
Húsavík	2	10
Kelduhverfi	1	5
Reykjavík	5	25
Garðabær	1	5
Seyðisfjörður	2	10
Kópavogur	2	10
Vestmannaeyjar	3	15
Öræfi	1	5
Alls	20	100

Alls sáust 39 tegundir veturinn 1998-99. Það er svipað og árin á undan, en lítil breytileiki er í fjölda tegunda frá ári til árs (2. tafla). Af fuglum þessum teljast 28 vera reglulegir varpfuglar, en 11 flækingar og umferðarfuglar. Nýjar tegundir eru enn að sjást, þær voru tildra og hrímtittlingur. Tildra sást í tveimur gördum í Vestmannaeyjum sem verður að teljast óvenjulegt. Hrímtittlingur sást í sitt hvorum garðinum í Reykjavík og á Seyðisfirði. Hrímtittlingur var fyrst skráður opinberlega sem flækingur hér á landi í skýrslu um sjaldgæfa fugla 1997 í tímaritinu Blika, nr. 21, en áhöld hafa verið um, hvort hann skuli talinn tegund eða aðeins undirtegund auðnutittlings.

Hámark tegunda í einum garði var 17 eða sá sami og á síðasta vetri (1. tafla). Jóhann Óli Hilmarsson, formaður og ritnefndarmaður, sá flestar tegundir. Hann býr í útjaðri Reykjavíkur og er með stóran garð í nánd við Úlfarsá, þann garð heimsækja því ýmsir fuglar. Meðaltalið þennan vetur var 9,4 fuglategundir. Nokkrir athugendur sáu fjórar tegundir í sínum garði, en það var það minnsta sem sást.

2. tafla. Fjöldi fuglategunda hjá athugendum í Garðfuglakönnunum Fuglaverndarfélagins 1994-1999.

Vetur	Meðaltal	Lágmark	Hámark	Tegundir alls	Þátttakendur
1994-95	9,1	1	18	37	30
1995-96	9,2	2	21	41	25
1996-97	10,3	5	19	41	20
1997-98	9,4	3	17	37	19
1998-99	9,1	4	17	39	20

Nú hafa verið skráðar 57 tegundir í Garðfuglakönnun. Veturinn 1997-98 sást einn fugl hjá öllum athugendum, það var skógarpröstur. Snjótittlingur var næst algengastur sást í 95% af görðunum. Síðan komu auðnutittlingur og stari og sást starinn í hlutfallslega fleiri görðum en áður. Hrafn var nú fimmti algengasti fuglinn, þar á eftir kom smyrill, svartpröstur, rjúpa, grápröstur og heiðlóa (3. tafla). Rjúpa kemst nú í annað sinn á „topp tíu“ og hefur ekki sést í jafn mörgum görðum áður.

3. tafla. Tíðni algengustu fugla á athugunarstöðum í garðfuglakönnun veturinn 1998-99.

Tegund	Garðar	%
Skógarpröstur	20	100
Snjótittlingur	19	95
Auðnutittlingur	16	80
Stari	15	75
Hrafn	13	65
Smyrill	9	45
Svartpröstur	8	40
Rjúpa	8	40
Grápröstur	6	30
Heiðlóa	6	30

Rúmlega helmingur fuglategundanna sást alla veturna eða fimm athugunartímabil. Um fjórðungur hefur sést í tvo eða þrjá vetur en 21% einungis eitt athugunartímabil (3.tafla).

Að lokum vil ég þakka þeim sem tekið hafa þátt í garðfuglakönnun Fuglaverndarfélagssins fram að þessu og vona að þátttaka verði góð þennan veturinn, jafnframt því að hvetja þá sem ekki hafa sent inn niðurstöður síðasta vetrar, að gera það sem fyrst. Eins og áður þá eru eyðublöð garðfuglakönnunar send til fyrri þátttakenda, þeir félagar sem hafa áhuga á að hefja þátttöku, geta sent línu á netfang félagsins fuglavernd@simnet.is eða í Pósthólf 5069, 125 Reykjavík.

4. tafla. Tíðni tegunda eftir tímabilum (vetrum) í garðfuglakönnun Fuglaverndarfélagssins.

Athugunartímabil	Tegundir	%
Fimm	26	46
Fjögur	4	7
Þrjú	7	12
Tvö	8	14
Eitt	12	21
Alls	57	100

Ólafur Einarsson

Áður birt í Fréttabréfi Fuglaverndar, nr. 30, 2. tbl. 13. árg. nóvember 2000.